

RÍKISENDURSKOÐUN



Fæðingarorlofssjóður

Endurskoðun 2021

Endurskoðunarskýrsla

Maí 2022

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Fæðingarorlofssjóðs fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Fæðingarorlofssjóðs og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur sjóðsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.


Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Fæðingarorlofssjóður var síðast endurskoðaður vegna ársins 2020.

Efnisyfirlit

Inngangur	2	7.2 Lög um fæðingar- og foreldraorlof.....	12
Efnisyfirlit	3	7.3 Niðurstöður/ábendingar.....	12
1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021	4	8 Endurskoðun rekstrarliða	13
2 Ábendingar og athugasemdir	5	8.1 Rekstrartekjur	13
3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	6	8.2 Rekstrargjöld	13
3.1 Viðbrögð Fæðingarorlofssjóðs	6	8.2.1 Framlög og tilfærslur.....	13
4 Áhættumat og mikilvægi.....	7	8.3 Niðurstöður/ábendingar.....	14
5 Fjárveiting og rekstur	8	9 Endurskoðun efnahagsliða	15
5.1 Fjárveitingar	8	9.1 Eignir	15
5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar	8	9.1.1 Tengdir aðilar	15
5.1.2 Breytingar á meðferð markaðra tekna í reikningsskilum	8	9.1.2 Handbært fé	15
5.2 Rekstraráætlun.....	9	9.2 Eigið fé og skuldir	16
5.3 Niðurstöður/ábendingar.....	9	9.2.1 Höfuðstóll	16
6 Innra eftirlit	10	9.2.2 Ýmsar skammtímaskuldir.....	16
6.1 Inngangur	10	9.3 Niðurstöður/ábendingar.....	16
6.2 Umfjöllun	10	10 Önnur atriði	17
6.3 Niðurstöður/ábendingar.....	11	10.1 Óhæðisyfirlýsing.....	17
7 Fylgni við lög og reglur	12	10.2 Samþykki ársreiknings	17
7.1 Inngangur	12		

1 Lykiltölur úr rekstri ársins 2021



2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

Gera þarf þjónustusamning

Ítrekuð er fyrri ábending um að gerður verði þjónustusamningur milli félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytis og Vinnumálastofnunar um þjónustu Vinnumálastofnunar vegna Fæðingarorlofssjóðs. Að mati Ríkisendurskoðunar væri eðlilegt að allur kostnaður vegna Fæðingarorlofssjóðs væri færður í bókhald sjóðsins.

2

Skráning verklagsreglna

Lagt er til að unnið verði enn frekar að skráningu verklagsreglna og verkferla hjá sjóðnum. Fara þarf yfir og endurmeta verkferla í ljósi breytinga sem orðið hafa í starfseminni einkum með aukinni stafvæðingu sjóðsins.

3

Yfirdráttur á bankareikningi

Gerð er athugasemd við yfirdrátt sjóðsins á bankareikningi í árslok 2021 en samkvæmt reglum um sjóðstýringu er slíkur yfirdráttur óheimill. Á móti á sjóðurinn inneign hjá ríkissjóði. Lagt er til að rætt verði við fagráðuneyti og Fjársýslu ríkisins um bættu sjóðstýringu þannig að ekki þurfi að koma til yfirdráttar á bankareikningum sjóðsins.

3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

3.1 Viðbrögð Fæðingarorlofssjóðs

Eftirfarandi viðbrögð bárust við ábendingum og athugasemdum sem birtast í kafla 2 hér að framan.

1. Þjónustusamningur við Vinnumálastofnun.

„Kallað verður eftir formlegu samtali við félagsmálaráðuneytið um aðkomu að nýjum þjónustusamningi á milli Vinnumálastofnunar og Fæðingarorlofssjóðs. Rekstrarkostnaður Fæðingarorlofssjóðs er færður inn í bókhaldi Vinnumálastofnunar því á fjárlögum er Vinnumálastofnun rekstraraðili sjóðsins, Fæðingarorlofssjóður er eingöngu útgreiðslusjóður.“

2. Skráning verklagsreglna

„Farið verður yfir verkferla og þeir endurskoðaðir í kjölfar stafvæðingar sjóðsins og samhliða innleiðingunni.“

3. Yfirdráttur á bankareikningi

„Fjárheimild sjóðsins á árinu 2021 var metin of lág af félagsmálaráðuneytinu sem skýrir yfirdrátt á Seðlabankareikningi. Endurmat á fjárheimildum hafa verið gerðar og send ráðuneyti til að tryggja að sjóðurinn fái aukið fjármagn í gegnum fjárukalög 2022 til að mæta auknum útgjöldum sjóðsins.“

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, Liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi sjóðsins eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Fæðingarorlofssjóði sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af rekstrargjöldum ársins, eða 408 m.kr. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan

lesanda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur.

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar, m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar

5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting ársins 2021 til Fæðingarorlofssjóðs nam 19.138,8 m.kr. eins og kemur fram í fylgiriti með fjárlögum 2021. Fjárhæðin hækkaði um 940 m.kr. í fjárukalögum 2021. Þá voru 1,4 m.kr. millifærðar úr varasjóði vegna umsýslukostnaðar Vinnumálastofnunar vegna endurmats á launaforsendum. Endanleg fjárveiting til sjóðsins á árinu nam því 20.080 m.kr.

Gjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 20.392,1 m.kr. og voru því 311,9 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 1,5%. Gjöld að frádregnum sértekjum hækkuðu um 3.905,6 m.kr. milli ára sem skýrist af auknum greiðslum vegna fæðingarorlofs og fæðingarstyrkja. Rekstrarniðurstaða Fæðingarorlofssjóðs er jöfnuð í lok árs í samræmi við 3. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2025 um opinber fjármál.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2021 og rekstri 2020:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2021

Í þús. kr.	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	0	-4.276	4.276	-3.185
Launagjöld	19.200	0	19.200	0
Önnur rekstrargjöld	122.800	143.586	-20.786	143.500
Rekstrartilfærslur	19.938.200	20.252.813	-314.613	16.346.013
Samtals	20.080.200	20.392.122	-311.922	16.486.328

5.1.2 Breytingar á meðferð markaðra tekna í reikningsskilum

Á árinu 2017 voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð markaðra tekna í kjölfar innleiðingar laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og með setningu laga nr. 47/2018 um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur. Með lagasetningunni varð sú breyting að markaðar tekjur af ýmissi starfsemi ríkisins eru nú færðar sem ríkistekjur og færast því ekki lengur í rekstrarreikningi viðkomandi ríkisaðila. Ríkisaðilar sem höfðu markaðar tekjur fá nú framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum.

Birta þarf yfirlit í skýringum með ársreikningi sjóðsins sem sýnir uppsafnaða stöðu hlutdeildar sjóðsins í tryggingagjaldi annars vegar og hins vegar útgjöld sjóðsins fyrir hvert ár sbr. bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis frá 1. apríl 2019 til Vinnumálastofnunar um innheimtu atvinnutryggingagjalds.

5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Fæðingarorlofssjóðs fyrir árið 2021 var gerð í áætlunarkerfi ríkisins niður á fjárheimildir.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Á árinu 2021 var afkoma Fæðingarorlofssjóðs neikvæð um 311,9 m.kr. Rekstrarniðurstaða er jöfnuð í lok árs í samræmi við 3. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Staða sjóðsins varðandi uppsafnaða hlutdeild í tryggingagjaldi hefur ekki verið birt með ársreikningi eins og bent hefur verið á í fyrri endurskoðunarskýrslum.

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Forstjóri Vinnumálastofnunar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá Fæðingarorlofssjóði. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.

6.2 Umfjöllun

Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnumálastofnunar en skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof skal sjóðurinn vera í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði ráðherra. Fæðingarorlofssjóður er ekki með sjálfstætt skipurit heldur tilheyrir sjóðurinn skipuriti Vinnumálastofnunar. Allar bókanir fara fram á skrifstofu sjóðsins á Hvammstanga. Útreikningur á fæðingarorlofi fer fram hjá sjóðnum en greiðslur fæðingarorlofs fara fram á skrifstofu Vinnumálastofnunar í Reykjavík að frátöldum endurgreiðslum og leiðréttingum sem gerðar eru á skrifstofu Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga. Fæðingarorlofssjóður notar Navision kerfið, bæði fyrir réttindaskráningu og fyrir fjárhagsbókhalð. Ríkisendurskoðun gerði könnun á innra eftirliti sjóðsins haustið 2019 með gagnaöflun, fyrirspurnum og heimsókn til Hvammstanga. Við endurskoðun vegna ársins 2021 var ákveðið að styðjast við þessar athuganir að viðbættum fyrirspurnum þar sem ekki

hafa orðið veigamiklar breytingar á starfsemi sjóðsins og áhrifin af COVID-19 á starfsemi Fæðingarorlofssjóðs voru hlutfallslega ekki mikil miðað við aðra þætti í starfsemi Vinnumálastofnunar.

Unnið hefur verið að stafvæðingu sjóðsins á undanförunum árum. Nú er búið að koma inn stafvæðingu í sambandi við umsóknir. Einnig voru gerðar verulegar endurbætur á Navision kerfinu. Eldri skriflegar reglur eru til staðar um ýmsa þætti innra eftirlits hjá sjóðnum. Þær skriflegu vinnureglur byggjast þó á verklagi eins og það var fyrir stafvæðingu sjóðsins. Sama er að segja um áhættumat sem hefur verið gert vegna vinnslu umsókna og tekur til þess sem gæti farið úrskaiðis, hvaða afleiðingar það hefur og hvaða eftirlitsaðgerðir eru til staðar til að sporna við þeim.

Stafræna ferlið hefur ekki verið skjalað með formlegum verklagsreglum en þó er til handbók fyrir tölvukerfi sjóðsins frá árinu 2020 en handbókin er í áframhaldandi vinnslu og snýr enn sem komið er einkum að skráningu og vinnslu umsókna.

Rekstraráætlun er gerð árlega fyrir sjóðinn. Rauntölur eru bornar saman við áætlun. Formleg afstemming fer fram á milli Navision og fjárhagskerfis ríkisins, Orra, á 3ja mánaða fresti. Afstemmingar efnahagsliða fara fram skv. verklagsreglum Vinnumálastofnunar, bæði á skrifstofu sjóðsins á Hvammstanga og á skrifstofu Vinnumálastofnunar í Reykjavík.

Þá fer fram sérstök jafningjayfirferð sérfræðinga annan hvern mánuð. Valin eru nokkur mál hjá hverjum og einum og farið er yfir afgreiðslu þeirra mála.

Niðurstöður eru kynntar forstöðumanni ef um frávík er að ræða til að tryggja samræmi í afgreiðslu mála og framkvæmd.

Reglulega eru gerðar samkeyrslur við skrá Skattsins til eftirlits með útreikningum um tekjur umsækjenda. Frávík í umsóknum eru send til sérfræðinga sem kanna hvert mál og er aðilum tilkynnt ef um frávík er að ræða. Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof hafa tekið gildi sem varða börn fædd 1. janúar 2021 og síðar, sbr. IX kafla laga nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof. Búið er að styrkja eftirlitsumhverfi með greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði og framkvæmd leiðréttinga.

Að mati starfsmanna hafa skýrari lagareglur í framangreindum lögum gert umsóknir og innheimtumál einfaldari og málum sem send hafa verið til innheimtumeðferðar hefur fækkað. Í sambandi við leiðréttingar vegna greiðslna til lífeyrissjóða, stéttarfélaga og á persónuafslætti þá eru þær nú gerðar innan Navision kerfis Fæðingarorlofssjóðs. Leiðréttingarnar eru unnar á skrifstofu sjóðsins á Hvammstanga og útbúnar sérstakar launaútborganir. Leiðréttingar á iðgjöldum til lífeyrissjóða og félagsgjöldum til stéttarfélaga eru greiddar af gjaldkera á Hvammstanga en leiðréttingar á persónuafslætti eru greiddar af fjármálasviði í Reykjavík. Aðgreining er milli bókunarstarfa og gjaldkera í öllum þessum leiðréttingum.

6.3 Niðurstöður/ábendingar

Fjölmarginir þættir eru til staðar hjá sjóðnum sem stuðla að góðu innra eftirliti. Aðskilnaður starfa sem snúa að bókun og greiðslu reikninga hefur verið aukinn og er það liður í að styrkja innra eftirlit sjóðsins. Ríkisendurskoðun leggur til að áfram verði unnið að því að tryggja sterkt innra eftirlitsumhverfi sjóðsins.

Lagt er til að unnið sé enn frekar að skráningu verklagsreglna og verkferla hjá sjóðnum. Þörf er á að yfirfara og endurmeta eldri verkferla í ljósi breytinga sem hafa orðið í starfseminni einkum með aukinni stafvæðingu sjóðsins.

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur Fæðingarorlofssjóðs hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5.

7.2 Lög um fæðingar- og foreldraorlof

Fæðingarorlofssjóður starfar samkvæmt lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr laganna skal Fæðingarorlofssjóður vera í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði ráðherra. Í fylgiriti með fjárlögum er fjárveiting til sjóðsins tilgreind þ.m.t. umsýslukostnaðar Vinnumálastofnunar. Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laganna skal kostnaður af rekstri sjóðsins greiðast af tekjum hans. Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt væri að gerður yrði sérstakur þjónustusamningur milli fagráðuneytis og Vinnumálastofnunar þar sem nánar væri kveðið á um þá þjónustu sem Vinnumálastofnun er ætlað að veita.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Eftirfarandi ábendingar eru gerðar vegna laga um fæðingar- og foreldraorlof:

Í fyrri skýrslum hefur Ríkisendurskoðun lagt er til að gerður verði þjónustusamningur milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og Vinnumálastofnunar um þjónustu Vinnumálastofnunar vegna Fæðingarorlofssjóðs. Eðlilegt er að allur kostnaður vegna Fæðingarorlofssjóðs sé færður á fjárlagalið sjóðsins. Eru þær ábendingar hér með áréttaðar.

8 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2021

Í þús.kr.	2021	2020	Breyting
Rekstrartekjur:			
Rekstrartekjur	4.276	3.185	1.091
Rekstrartekjur samtals	4.276	3.185	1.091
Rekstrargjöld:			
Framlög og tilfærslur	20.252.813	16.346.013	3.906.799
Annar rekstrarkostnaður	143.586	143.500	86
Rekstrargjöld samtals	20.396.398	16.489.513	3.906.885
Framlag ríkissjóðs	20.080.200	16.930.700	3.149.500
Afkoma ársins	-311.922	444.372	-756.293

Samkvæmt yfirliti um afkomu ársins 2021 námu tekjur Fæðingarorlofssjóðs að frátöldu framlagi ríkissjóðs 4,3 m.kr. og gjöld námu 20.396,4 m.kr., sjá sundurliðun í töflu 2.

8.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Fæðingarorlofssjóðs voru óverulegar á árinu 2021. Var aðallega um að ræða tekjur vegna ættleiðingarstyrkja frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

8.2 Rekstrargjöld

8.2.1 Framlög og tilfærslur

Meginútgjöld sjóðsins eru framlög og tilfærslur vegna greiðslu fæðingarorlofs og fæðingarstyrkja. Við endurskoðun á greiðslum

Fæðingarorlofssjóðs voru framkvæmdar greiningaaðgerðir út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir.

Við endurskoðun gjalda var ákveðið að styðjast við fyrri kannanir á ferlum með úrtökum greiðslna á skrifstofu sjóðsins þar sem kannað var hvernig viðkomandi umsóknir voru færðar í tölvukerfi sjóðsins og hvaða eftirlitsaðgerðir voru framkvæmdar og borið saman við skráða verkferla.

Gjaldfært fæðingarorlof til foreldra á vinnumarkaði nam 19.667,8 m.kr. vegna ársins 2021. Greiðslur fæðingarstyrkja til foreldra utan vinnumarkaðar námu 585,0 m.kr. Samtals námu fæðingarorlof og fæðingarstyrkir 20.252,8 m.kr. árið 2021. Samsvarandi tala fyrir árið á undan var 16.343 m.kr. Hækkun milli ára er 23,9%.

Meðal veigamestu þátta sem geta skýrt þessa hækkun fæðingarorlofs á árinu er lenging á orlofstökurétti í 12 mánuði árið 2021 úr 10 mánuðum og nýting orlofsréttar var meiri. Þá jukust nýburafæðingar um 7,5% á árinu. Einnig hækkaði meðaltal launavísitölu um 8,3% á árinu en hámarksgreiðsla orlofs á mánuði var hins vegar óbreytt.

Nokkuð veigamikill óvissupáttur í áætlun sjóðsins varðandi greiðslur fæðingarorlofs er hvort báðir foreldrar taki fæðingarorlof en það stjórnast samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum töluvert af efnahagsástandi hvers tíma.

Hjá sjóðnum eru fyrirbyggjandi greiningar varðandi nýtingu fæðingarorlofs hjá foreldrum eftir árum og til er mánaðarleg samantekt á rekstrarafkomu

sjóðsins og afkomuspá. Einnig eru til upplýsingar um hvernig orlofið og fæðingarstyrkir skiptast eftir tegundum. Þrátt fyrir það er æskilegt að Vinnumálastofnun efli hjá sér enn frekar tölfræðilega söfnun og greiningu upplýsinga um fæðingarorlof bæði varðandi magntölur og fjárhagslegar tölur sem nýtist bæði til eftirlits og fyrir ákvarðanatöku um málaflokkinn.

Fæðingarorlofssjóður greiðir Vinnumálastofnun umsýslukostnað í samræmi við það sem ákveðið er í fylgiriti með fjárlögum en vegna ársins 2021 var umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar 142,0 m.kr. Gjaldfærður viðbótarkostnaður á árinu nam 1,6 m.kr. Það voru þjónustugjöld fjármálastofnana. Annar gjaldfærður kostnaður sem falla kann til vegna sjóðsins er færður hjá Vinnumálastofnun. Að mati Ríkisendurskoðunar væri eðlilegt að félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og Vinnumálastofnun gerðu þjónustusamning sín á milli um þá þjónustu sem Vinnumálastofnun veitir vegna sjóðsins, sjá umfjöllun í kafla 7.2.

8.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun rekstrarliða gaf ekki tilefni til ábendinga eða athugasemda.

Þar sem árlegt fæðingarorlof nemur verulegum fjárhæðum verður það að teljast æskilegt að Vinnumálastofnun efli enn frekar tölfræðilega greiningu upplýsinga um fæðingarorlof sem nýta mætti bæði til eftirlits og fyrir ákvarðanatöku.

9 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Í þús. kr.	31.12 2021	31.12 2020	Breyting
Eignir:			
Tengdir aðilar	3.153.116	2.655.252	497.864
Handbært fé	4.373	650.368	-645.995
Eignir alls	3.157.490	3.305.620	-148.131
Eigið fé:			
Hrein eign	-311.920	443.472	-755.391
Bundið eigið fé	2.375.541	2.375.541	0
	2.063.621	2.819.012	-755.391
Skuldir:			
Lánastofnanir	431.177	0	431.177
Ýmsar skammtímaskuldir	662.692	486.608	176.084
	1.093.869	486.608	607.261
Eigið fé og skuldir alls	3.157.490	3.305.620	-148.131

Í árslok 2021 námu eignir 3.157,5 m.kr., eigið fé nam 2.063,6 m.kr. og skuldir námu 1.093,9 m.kr.

9.1 Eignir

9.1.1 Tengdir aðilar

Krafa á tengda aðila nam 3.153,1 m.kr. í árslok 2021. Krafan er að stærstum hluta vegna uppgjörs á tekjum af tryggingagjaldi fyrir gildistöku laga nr. 123/2015 um opinber fjármál að fjárhæð 2.424,7 m.kr. Þá var greiðslustaða við ríkissjóð jákvæð í árslok um 728,5 m.kr.

9.1.2 Handbært fé

Fæðingarorlofssjóður á tvo bankareikninga. Aðalgreiðslureikningur sjóðsins er í Seðlabanka Íslands og nam inneign á honum 4,3 m.kr. í árslok. Á reikningi sjóðsins í Landsbankanum var yfirdráttur að fjárhæð 431,2 m.kr. Reikningurinn er einkum notaður vegna uppgjörs við lífeyrissjóði og stéttarfélög.

Bent er á að skv. 2. gr. reglugerðar nr. 822/2021 um sjóðstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs er yfirdráttarlán í ríkisbanka ekki heimilt. Skv. upplýsingum fjármálastjóra skýrist yfirdrátturinn í árslok af því að orlofsgreiðslur ársins urðu hærri en fjárveitingar ríkisins sem eru jafnan í samræmi við fjárlög.

Við endurskoðun Fæðingarorlofssjóðs voru beiðnir um staðfestingar sendar til bankastofnana og komu fram upplýsingar um stöðu reikninga í árslok og um aðgang starfsmanna. Bankareikningar voru afstemmdir í árslok.

Þá þarf að yfirfara aðgang starfsmanna að bankareikningum sjóðsins.

9.2 Eigið fé og skuldir

9.2.1 Höfuðstóll

Hrein eign í árslok var jákvæð um 2.063,6 m.kr. Annars vegar er um að ræða rekstrarniðurstöðu ársins sem var neikvæð um 311,9 m.kr. Hrein eign í upphafi árs er jöfnuð út með sérstakri færslu í lok árs í samræmi við 3. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Hins vegar var um að ræða bundið eigið fé sem nam 2.375,5 m.kr. í árslok 2021. Fjárhæðin er óbreytt frá árslokum 2016 en um er að ræða færslu og ráðstöfun markaðra tekna sjóðsins fyrir gildistöku laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, sjá umfjöllun í kafla 5.1.2. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvernig skuli farið með bundið eigið fé í bókhaldi sjóðsins.

9.2.2 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu samtals 662,7 m.kr. í árslok 2021. Um er að ræða afdregna staðgreiðslu skatta af fæðingarorlofi í árslok, skuldir við lífeyrissjóði og stéttarfélög og aukaútborganir í ársbyrjun sem tilheyra árinu á undan. Afstemmingar skuldaliða í árslok voru yfirfarnar við endurskoðun og voru án athugasemda.

Afstemming milli fjárhagsbókhalds í Navision á Hvammstanga og fjárhagsbókhalds ríkisins, Orra liggur fyrir.

9.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Yfirfara þarf aðgang starfsmanna að bankareikningum sjóðsins og loka aðgengi sem ekki er viðeigandi.

Bent er á að skv. 2. gr. reglugerðar nr. 822/2021 um sjóðstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs er yfirdráttarlán í ríkisbanka ekki heimilt. Lagt er til að rætt verði við fagráðuneyti og Fjársýslu ríkisins um bættu sjóðstýringu þannig að ekki þurfi að koma til yfirdráttar á bankareikningum.

Ekki liggur fyrir hvernig skuli farið með bundið eigið fé í bókhaldi sjóðsins en bundið eigið fé nam 2.375,5 m.kr. í árslok 2021.

10 Önnur atriði

10.1 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Fæðingarorlofssjóði.

10.2 Samþykki ársreiknings

Ársreikningur sjóðsins fyrir 2021 var samþykktur af forstjóra Vinnumálastofnunar ásamt staðfestingarbréfi stjórnenda þann 28. mars 2022.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is